



FUNDARGERÐ

247. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 6. desember 2018, kl. 12.00 – 15.00

Mættir voru

Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri
Gunnar Jónsson formaður
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal
Ágústa Björnsdóttir
Björg Björnsdóttir
Benedikt Stefánsson (varamaður Gunnhildar Ingvarsdóttur sem var fjarverandi)

Dagskrá:

1. Gjaldskrárbreytingar
 - a) Fljótsdalshérað, holræsagjald, vatnsgjald og rotþróargjald
 - b) HEF, almenn gjaldskrá
2. Ísland ljóstengt 2019
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

Gjaldskrárbreytingar

Páll kynnti þróun byggingarvísitölu og áhrif hennar á gjaldskrár HEF.

Stjórn HEF samþykkir samhljóða hækkun á gjaldskrár HEF miðað við byggingarvísitölu desember 2018 sem er 141,6.

Gjöld verða eftirfarandi:

Hitaveita

Heitt vatn um rennismæli:

1.	Fyrir hvern rúmmetra vatns	120 kr.
2.	Hver rúmmetri vatns	240 kr.
3.	Afgreiðslugjald frá kyndistöð	1.646 kr.

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins, en óháð töxtum að öðru leiti.

Því er skipt í fjóra flokka.

A.	15 mm	16.066	kr/ár
B.	20 mm - 25 mm	35.658	kr/ár
C.	32 mm - 50 mm	70.923	kr/ár
D.	65 mm - stærri	98.744	kr/ár

Heimæðargjöld

Sverleiki

pípu	Viðmiðunarstærðir húsnæðis		
20 mm	allt að 1.200 m ³	320.452	kr.
25 mm	1.200 - 2.600 m ³	446.486	kr.
32 mm	2.600 - 4.000 m ³	671.285	kr.
40 mm	4.000 - 10.400 m ³	1.017.180	kr.
50 mm	10.400 - 21.000 m ³	1.579.393	kr.
65 mm		2.087.607	kr.
Lengdargjald umfram 25 m innan lóðamarka		6.350	kr/m
	Aukamælir	34.314	kr.
	Aukatengigrind	96.233	kr.
	Lokunargjald	3.100	kr.
	Opnunargjald	5.310	kr.
	Álestrargjald	1.950	kr.

Dreifbýlisveita

Heitt vatn um rennismæli:

1.	Fyrir hvern rúmmetra/hemill	122	kr/m ³
2.	Aukamælir/sami notandi	122	kr/m ³
3.	Mínútulíter á mánuði, lágmark 3ltr.	2.619	kr/mán
4.	Mínútulíter á mánuði, umfram 3ltr.	2.094	kr/mán

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins, en óháð töxtum að öðru leiti.

Þar er einn flokkur.

A - B	15 mm - 20 mm	22.670	kr/ár
	25 mm	30.172	kr/ár

Heimæðargjöld

Sverleiki

pípu	Viðmiðunarstærðir húsnæðis		
20 - 25 mm	allt að 1.200 m ³	1.382.183	kr.
32 - 40 mm	1.200 - 2.600 m ³		
Lengdargjald að frádregnum 50 m		6.530	kr/m

Vatnsveita

Notkunargjald samkvæmt

rúmmetramæli	32	kr.
Notkunargjald skv. m ³ Urriðavatnsveita	24	kr.

Mælaleiga

Stærð mælis	pr.dag
15 mm	38 kr.
20 mm	39 kr.
25 mm	50 kr.
32 mm	56 kr.
50 mm	82 kr.
80 mm	214 kr.
100 mm - stærri	225 kr.

Heimæðargjöld

Þvermál inntaks	
32 mm	251.551 kr.
40 mm	359.611 kr.
50 mm	532.229 kr.
63 mm	781.259 kr.
75 mm	1.035.584 kr.

Heimæðargjöld dreifbýli

Þvermál inntaks	
32 mm	501.337 kr.

Vatnsgjald:

Fastagjald	8.748 kr.
Fermetragjald	249 kr.
Sumarhús/frístrandahús	27.404 kr.

Fráveita

Tengingar	< 150 mm tenging (allt að 20 m löng)	209.473 kr.
	150 - 200 mm tenging (allt að 20 m löng)	253.014 kr.
Rotþrær - Tæming	< 4.5 rúmmetrar	18.684 kr.
	4.5 - 6.5 rúmmetrar	26.851 kr.

Ísland ljóstengt 2019

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn sveitarfélagsins til fjarskiptasjóðs vegna verkefnisins Ísland ljóstengt 2019.

Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að gera tekjuáætlun HEF vegna hugsanlegrar aðkomu HEF að ljósleiðaraverkefninu og senda á stjórnarmenn.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Vök Baðhús. Mikil vinna hefur verið í gangi í sambandi við Vök. Áfangi 1 er nánast lokið (lagnir frá Vök að Barravegamótum). Áfangi 2 (Barravegamót til Iðjusels) er byrjaður, og

hefur verið skipt í tvo hluta. Fyrri áfanga er lokið frá Barravegamótum til kyndistöðvar. Síðari áfanginn (kyndistöð til Iðjusels) er yfir mýrina við Þjóðveginn.

Endurskoðun. KPMG er að hefja vinnu við endurskoðun á næstunni.

Staða umsagna vegna hreinsistöðvar fráveitu. Framkvæmdastjóri kynnti andsvör sem Efla hefur sent Skipulagsstofnun fyrir hönd HEF vegna umsagna um matsskyldu nýrrar hreinsistöðvar fráveitu á Egilsstöðum. Fundarmenn fóru yfir og ræddu andsvör Eflu.

Björg Björnsdóttir gerir athugasemdir við það verklag að svör Eflu, sem send eru út í nafni HEF, hafi ekki verið send til stjórnar til kynningar og eftir atvikum samþykkis áður en þær voru sendar til Skipulagsstofnunar.

Lánamál HEF. Framkvæmdastjóri HEF er búinn að heyra í Íslandsbanka varðandi ákvæði í lánum til HEF. Íslandsbanki er tilbúinn að fá fulltrúa HEF á fund og ræða hvort hægt sé að breyta ákvæðunum. Stjórn samþykkir að fela Ágústu Björnsdóttur að fara fyrir hönd stjórnar með framkvæmdastjóra á fund með Íslandsbanka varðandi þetta mál.

Önnur mál

Lóð undir hreinsistöð við Melshorn. Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Framkvæmdastjóri fór yfir að það þurfi að klára vinnu við að kaupa það land sem þarf undir hreinsistöð við Melshorn. Stjórn samþykkir að fela Ágústu Björnsdóttur að vinna að þessu máli með framkvæmdastjóra HEF, honum er jafnframt falið að afla gagna sem tengjast málinu.

Fyrirspurnir um afslátt. Borist hafa fyrirspurnir um afslátt á heitu og köldu vatni. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra HEF að koma með tillögu að gjaldskrá fyrir stórnotendur.

Undirbúningur og fjöldi stjórnarfunda. Rætt var um undirbúning stjórnarfunda og hvort sé ástæða að funda oftast a.m.k. á tveggja vikna fresti eins og tíðkaðist hér áður. Stjórnarmenn benda framkvæmdastjóra á að grunnurinn til að gera fundina markvissari er að öll gögn verði send tímanlega fyrir fundi svo stjórn verði vel undirbúin fyrir fundina.

Fundargerð verður send öllum fundarmönnum til yfirlstrar.
Fundi slitið kl. 15:10

Fundargerð ritaði Benedikt Stefánsson